

Mál nr. 380/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður við löndun úr fiskiskipi féll úr stiga niður í lest.****Gögn.**

184. Málskot, móttakið 24.10.2013, ásamt fylgigögnum.

185. Bréf X, dags. 6.1 .2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 13.11.2008 vann M, starfsmaður fiskimjolsverksmiðju V, við síldarlöndun úr fjölveiðiskipinu A. Er löndun var lokið og M var á leið upp stiga úr öftustu lestinni missti hann handfestu á lestarkarmi efst í lestaropinunni og féll niður í botn lestarinnar. Í skýrslu lögreglu er aðstæðum á slysstað lýst svo: „Öftustu lestar skipsins (sem eru þrjár) eru stærstar að rúmmáli og um 9 metra djúpar frá lestarkörnum talið. Í botni þeirra er svokallaður dammur, sem löndunardælurnar standa í þegar lestin er að tæmast svo auðveldara sé að tæma þær, og er þessi dammur um 40 sentimetra djúpur. Stálstigi liggur ofan í hverja lest og er hann soðinn í vegg lestarinnar og alveg upp á brún hennar.“ Þá kemur fram að M hafi verið nánast kominn upp úr lestinni þegar hann féll og lenti ofan í damminum og ljóst sé að fallið hafi verið rúmir 7 m. Hafi hann lent á stáli sem u.þ.b. 15 cm af vatni hafi legið yfir. A var byggt árið 1981 og keypt hingað til lands á árinu 1998. Árið 2001 voru framkvæmdar ýmsar breytingar á skipinu, þ. á m. var það lengt og afturhluti þess hækkaður um 1 m. Mun stiginn sem M féll úr hafa verið lengdur í samræmi við téða hækkun. Kveður X að svokölluð fallvarnablökk hafi ekki verið til staðar þegar farið um stigann, en slíkur búnaður hafi verið fenginn eftir slysið.

Við slysið hlaut M alvarlega beinbrotsáverka á hægri fæti. Hann hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ná lögin til fermingar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Þótt stiginn sem M féll úr lúti samkvæmt þessu ekki ákvæðum laga nr. 46/1980 eða reglum settum á grundvelli þeirra bar V engu að síður að tryggja að fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta væri gætt við löndunarstarfið um borð í A, sbr. 13. og 42. gr. laganna. Þannig bar V að gæta þess að unnt væri að komast niður í lestina og upp úr henni með sem öruggustum hætti. V hafði ekki látið M eða öðrum starfsmönnum sínum í té fallvarnablökk, sem áður er getið, til að nota er þeir fóru um stigann niður í lestina og upp úr henni. M hefur staðhæft að eftir slysið hafi slík blökk verið tekin í notkun fyrir þá sem leið áttu um stigann. Ekki verður séð að staðhæfingu M í þessum efnum hafi verið andmælt sérstaklega af hálfu V. Ekki verður annað ráðið en blökkin hafi verið einföld og tiltölulega ódýr lausn til að tryggja öryggi þeirra sem um stigann fóru. Með því að láta hjá líða að hafa tiltækt öryggistæki eins og hér um ræðir fyrir M þegar slysið varð hefur V ekki gætt þeirra skyldna sem honum bar að lögum til að tryggja öryggi starfsmanna sinna. Hann ber því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Af gögnum málsins þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið megi rekja til meðábyrgðar M. Tjón hans fæst því að fullu bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 28. janúar 2014.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Sævar Þór Jónsson hdl.